

Erindi til bæjarráðs Akraness

24. apríl 2017

Efni: Ósk um styrk vegna búnaðarkaupa.

Blakdeild Íþróttabandalags Akraness óskar eftir fjárframlagi vegna endurnýjunar á blakboltum og blaknetum félagsins. Félagið þarf að endurnýja 20 bolta og 1 blaknet. Kostnaður við einn bolta er kr. 14.860 og við eitt blaknet er kr. 25.800. **Heildarupphæð sem sótt er um er samtals kr. 323.000.**

Félagið heldur úti æfingu þrisvar í viku að Jaðarsbökkum. Skráðir iðkendur eru um 30 talsins og er félagið með einn þjálfara að störfum. Starfsemi Bresa hefur undanfarin ár eingöngu miðast við svokallað öldungablak sem þýðir að þeir sem stunda æfingar eru flestir á aldrinum 25- 60 ára, sem þó er ekki skilyrði, allir sem áhuga hafa á að kynna sér blakíþróttina eru velkomnir á æfingu. Félagið stefnir á frekari uppbyggingu á komandi ári með þátttöku yngri iðkenda. Iðkendur taka þátt í hraðmótum yfir veturinn víðsvegar um Ísland og auk þess er haldið árlega Boggu-Bresamót til heiðurs Guðbjörgu Árnadóttur sem enn æfir með félaginu, 70 ára gömul. Félagið tekur árlega þátt í Íslandsmóti BLÍ og var veturinn 2016-2017 með þrjú lið sem kepptu í annarri, fjórðu og sjöundu deild mótsins. Jafnframt tekur Bresi þátt í Öldungamót BLÍ sem verður í ár haldið í Mosfellsbæ og sendir félagið fjögur lið þar sem mikil aukning var í félaginu sl. haust.

Stjórn Bresa vonar að það komi ekki að sök hve seint umsóknin berst en ný stjórn félagsins tók til starfa í mars síðastliðnum.

Með von um jákvæð svör!

Stjórn blakdeildar ÍA, Bresi

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir formaður

Álfheiður Ágústsdóttir gjaldkeri

Harpa Sif Þráinsdóttir ritari